

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Drekgili í Skútustaðahreppi.

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. maí 2013 breytingu á deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Drekgili í Skútustaðahreppi, sem upphaflega var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 10. maí 2001 og með síðari breytingu 10. janúar 2013.

Breytingarnar felast í að byggingarreitur merktur landvarðarhús (áður starfsmannahús) er breikkaður um 6 m og færður lítillega til NA. Gönguleið milli húsanna er lagfærð til samræmis. Breytt er merkingu á starfsmannahúsi (áður landvarðarhúsi) til samræmis.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust og deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Mývatnssveit, 28. maí 2013.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2013